

Ára losun:

0-4000 lítrar	10.349-kr.
4001-6000 lítrar	13.740-kr.
6000 lítrar og yfir 6000 lítra	Innheimt 1.545-kr. fyrir hvern rúm. umfram

Séu rotþrær losaðar árlega skal innheimt sem hér segir:

0-4000 lítrar	20.697-kr.
4001-6000 lítrar	27.479-kr.
6000 lítrar og yfir 6000 lítra	Innheimt 3.090-kr. fyrir hvern rúm. umfram

Endurkomugjald (þ.e. ef þró er ekki tilbúin) 50% álag miðað við stærð þróar.

Fjárhæð árgjalds miðast við að tæming og skoðun rotþróar eigi sér stað annað hvert ár. Komi fram beiðni um eða ef nauðsynlegt er að tæma rötþró sérstaklega, skal greiða samkvæmt reikningi verktaka.

[Fjárhæð árgjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota lengri barka en 50 metra. Ef leggja þarf lengri barka en 50 metra þá leggjast við kr. 7.519,-.](#)

Gjaldldagi og innheimta þjónustugjalds skv. 2. gr. fer fram með sama hætti og á sama tíma og álagning fasteignaskatts. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari er heimilt að innheimta með fjárnámi í fasteign sem rotþró tengist án tillits til eignendaskipta. Njóta gjöldin lögveðrættar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjaldldaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin á grundvelli samþykktar um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra að undanskildum Húsavíkurbæ frá 1. september, nr. 671/2003. Gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundi hennar þann 13. desember 2012. Jafnframt fellur úr gildi fyrri gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa í Þingeyjarsveit nr. 1362/2011.

Samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 12.12.2013.

Gjaldskráin öðlast gildi við álagningu gjalda á árinu 2014.

HITAVEITA REYKDÆLA, HITAVEITA ÞINGEYJARSVEITAR Á STÓRUTJÖRNUM OG KALDAVATNS- OG FRÁVEITNA ÞINGEYJARSVEITAR - GJALDSKRÁ 2014

1. gr.

Hitaveita Reykdæla og Hitaveita Þingeyjarsveitar á Stórutjörnum selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari sem gildir frá og með 1. janúar 2013 fyrir orkuveitusvæði hitaveitunnar. Verð í gjaldskrá þessari er án virðisaukaskatts en virðisaukaskattur á húshitun og heimæðar hitaveitu er nú 7%. Á heimæðar kaldavatnsveitu leggst ekki vsk. Lesið er af mælum notenda í desember ár hvert með þeirri undantekningu að lesið er af mælum Laugafisks mánaðarlega.

2. gr.

[Gjald fyrir afnot af hitaveituvatninu er sem hér segir:](#)

a) Fyrir vatn 56° og heitara skv. mæli	kr. 40,79	pr. m ³
b) Fyrir vatn 51° til 55° skv. mæli	kr. 31,13	pr. m ³
c) Fyrir vatn 50° og kaldara skv. mæli	kr. 23,61	pr. m ³

d) Orkugjald Laugafisks skv. mæli	kr. 24,69	pr. m ³
e) Orkugjald á nýttu framhjärennslu	kr. 16,10	pr. m ³
f) Sundlaugar einstaklinga	kr. 19,34	pr. m ³
g) Mælagjald	kr. 1.971,57	pr. mánuð

Heimilt er að innheimta lokunargjald vegna vanskila eða misnotkunar. Hitaveitunni er einnig heimilt að setja búnað hjá notendum sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstibreytingum og er starfsmönnum veitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

Til að njóta sérstaks gjalds vegna vatns í sundlaugar einstaklinga skulu lagnir að þeim búnað sérstökum aukamæli.

Lífeyrisþegar njóta 30% afsláttar af rúmmetragjaldi sundlaugarvatns almennings.

3. gr.

Greitt er mánaðarlega samkvæmt áætlun sem miðuð er við álestur vegna notkunar og hitastigs árið á undan og spá um vatnsnotkun komandi árs. Þar til rennismælir hefur verið settur upp eða mælir bílar áætlað veitan vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf viðkomandi húss. Mælisstærð er ákveðin af starfsmönnum hitaveitunnar.

4. gr.

[Heimæðargjald Hitaveitu Reykdæla og Hitaveitu á Stórutjörnum og kaldavatnsveitna Þingeyjarsveitar skal vera 166.250 kr. fyrir eina heimæð og miðast verðið við að inntakið sé](#)

að hámarki 32mm. Fari heimæðin umfram 100 metra greiðast kr. 2.632 fyrir hvern metra. Veitunum er heimilt að breyta heimæðargjaldi þessu í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu. Gjald fyrir sérstaka hitaveitu með sérinntaki úr stofnlögn í útihús skal vera hið sama og almennt heimæðargjald.

Þá skal innheimt T-gjald (tengi-gjald) þegar lagt er í hús utan skipulagðrar íbúðabyggingar sveitarfélagsins þar sem sveitarfélagið hefur skyldur samkv. samningi. T-gjaldið skal vera 123.696 kr. fyrir heitt vatn, 67.702 kr. fyrir kalt vatn og fyrir fráveitu 62.228 kr. Öll gjöld samkvæmt grein þessari eru bundin vísitölu byggingarkostnaðar 1. desember 2007, 377,7 stig.

5. gr.

Innifalið í heimæðargjöldum er lögn frá stofnæð inn fyrir vegg með stofnlöku, rennismæli og inntaksloka við hann sem eru eign veitnanna. Aðrar lagnir og búnað húsgrindar og búnað vegna hitaveitu innanhúss leggur húseigandi til og eru því eign hans.

6. gr.

[Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilunum veldur, hverju sinni 4.687 kr.](#)

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 1143, 13. desember 2012.

Samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 12.12.2013.

Gjaldskráin öðlast gildi við álagningu gjalda á árinu 2014.

BRUNAVARNA SKÚTUSTAÐAHREPPS OG ÞINGEYJARSVEITAR

GJALDSKRÁ 2014

I KAFLI

Almennt.

1gr.

Verkefni Brunavarna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar (BSP) ákvarðast annarsvegjar af lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hinsvegar af ákvæðum í samstarfssamningi BSP.

2.gr.

BSP innheimtir ferða- og upphaldskostnað í samræmi við reglur ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins.

3. gr.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að fella niður gjald vegna starfsemi ef verkefni telst þjóna almannahagsmunum og/eða fellur að markmiðum sem BSP eru sett í stofnsamningi.

II KAFLI

Lögbundin verkefni.

4. gr.

Sé ákvæðum 2. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum beitt skal eigandi eða umráðamaður mannvirkis eða lóðar bera kostnað samkvæmt gjaldskrá af eftirliti með því að farið hafi verið að kröfum um úrbætur samkvæmt 3. mgr. 29. gr. sömu laga. Einnig er heimilt að taka gjald fyrir öryggis- og lokaúttektir samkvæmt 2. mgr. 12. gr. sömu laga.

Fast tímagjald fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er 9.600 krónur.

5. gr.

Eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar.

Fyrir eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar skal tekið fast gjald, 9.600 kr., fyrir hverja byrjaða klukkustund. Þegar um útkall er að ræða utan tilskilins daglegs vinnutíma starfsmanns eru innheimtar 38.400 kr., auk 9.600 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

6. gr.

Öryggisvaktir á mannvirki.

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til vegna öryggisvaktar eftir að eiganda eða forráðamanni hefur verið tilkynnt ákvörðun slökkviliðsstjóra um að öryggisvakt skuli sett á viðkomandi húseign. Á það jafnframt við um tilfallandi vaktir vegna tímabundinna viðburða þar sem fullum eldvörnum verður ekki við komið eða á meðan unnið er að úrbótum á þeim. Innheimt er að lágmarki 38.400 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 9.600 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. og 30. gr. laga um brunavarnir.

7. gr.

Lokun mannvirkis.

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til vegna lokunar mannvirkis eftir að eiganda eða forráðamanni hefur verið tilkynnt ákvörðun slökkviliðsstjóra um að loka skuli viðkomandi mannvirki. Innheimt er 9.600 kr. fyrir hverja byrjaða

Fyrirtæki:

Flokkur 1	9.785- kr.
Flokkur 2	18.052- kr.
Flokkur 3	28.681- kr.
Flokkur 4	71.704- kr.
Flokkur 5	80.495- kr.
Flokkur 6	143.409- kr.
Flokkur 7	213.426- kr.
Flokkur 8	286.818- kr.
Flokkur 9	321.978- kr.
Flokkur 10	573.636- kr.

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum og lögbýlum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra. Gjaldið er innheimt jafnhliða fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu og þeirra. Gjald dagar eru átta: 1. feb., 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst og 1. september.

3. gr.

Kostnaður vegna pöntunar á járna- eða timburgám til einkanota er kr. 10.300,-

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundi hennar 13.12.2012 og öðlast gildi við álagningu gjalda á árinu 2013.

Samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 12.12.2013.

Gjaldskráin öðlast gildi við álagningu gjalda á árinu 2014.

HREINSUN, TÆMING OG EFTIRLIT ROTÞRÓA Í ÞINGEYJARSVEIT

GJALDSKRÁ 2014

1. gr.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar er heimilt að innheimta árlega gjöld vegna hreinsunar rotþróa á vegum sveitarfélagsins samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Fyrir hverja fasteign innan marka Þingeyjarsveitar með eigin fráveitu, eða fráveitu sem ekki er tengd holræsakerfi í eigu Þingeyjarsveitar, skal greiða árlegt þjónustugjald, sbr. 4.gr. samþykktar um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, að undanteknum Húsavíkurbæ. Greiða skal sérstakt gjald fyrir hverja rotþró, ef fleiri en ein rotþró er á sömu fasteign. Undanþegnir frá gjaldskyldu eru aðilar sem framvísa samningi um tæmingu rotþróa við þjónustuaðila með gilt starfsleyfi heilbrigðiseftirlits, sbr.

3. gr.

Samþykktar um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, að undanteknum Húsavíkurbæ. Ef fleiri en ein húseign er tengd rotþró skal þjónustugjaldi deilt með jöfnum hætti á fasteignir, nema ef sýnt er fram á aðra eignar- eða notkunarskiptingu á þrónni.

2.gr.

[Árlegt gjald fer eftir stærð rotþróa og er eftirfarandi miðað við tveggja](#)

Gjalddagar eru átta: 1. feb. 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst og 1. september og eindagi 3. dag næsta mánaðar. Álagning sem er 20.000 kr. eða lægri er innheimt með einum gjalddaga þann 1. apríl.

Reglur um afslætti af fasteignaskatti.

Reglur þessar gilda um lækkun fasteignaskatts af íbúðarhúsnæði að hluta, eða fullu, hjá elli og örorkulífeyrisþegum sem búa sér í eigin húsnæði enda sé íbúðarhúsnæðið ekki notað til útleigu eða annarra nota.

Rétt til afsláttar eiga þeir;

- sem verða 67 ára á árinu eða eldri.
- sem eru orðnir örorkulífeyrisþegar fyrir 1. janúar 2013.

Ef um hjón eða samskattað sambýlisfólk er að ræða, ræður aldur eða örorka þess lífeyrisþega sem skráður er eigandi í fasteignaskrá.

100% lækkun:

Einstaklingar með árstekjur allt að kr. 2.650.000.-

Hjón með árstekjur allt að kr. 3.654.000.-

50% lækkun:

Einstaklingar með árstekjur frá kr. 2.650.001.- til kr. 3.311.000.-

Hjón með árstekjur frá kr. 3.654.001.- til kr. 4.279.000.-

Tekjuviðmið vegna afsláttar fasteignagjalda taki breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar 1. janúar hvert ár. Annað verði óbreytt.

Við fráfall maka eða sambýlings skal fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði sem fjölskylda hins látna á og býr í, felldur niður að fullu árið eftir fráfallið.

2. gr.

Vatns- og fráveitugjöld:

Vatnsgjald	0,20 % af fasteignamati
Aukavatnsgjald	0,40 % af fasteignamati
Fráveitugjald	0,12 % af fasteignamati

3. gr.

Lóðarleiga:

Lóðarleiga 1,00 % af fasteignamati.
Lóðaleiga af landi samkvæmt sérstökum samningi þar um.

4. gr.

Gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundi hennar þann 12.12.2013.

Samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 12.12.2013.

SORPHIRÐA Í ÞINGEYJARSVEIT - GJALDSKRÁ 2014

1. gr.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjöld) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir: 35.939- kr.
Sumarhús og íbúðir í árshlutanotkun: 18.052- kr.

klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Þegar um útkall er að ræða utan tilskilins daglegs vinnutíma starfsmanns eru innheimtar 38.400 kr., auk 9.600 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. og 32. gr. laga um brunavarnir.

8. gr.

Dagsektir.

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til frá og með ákvörðun slökkviliðsstjóra um dagsektir og þar til kröfum um úrbætur á eldvörnum hefur verið fullnægt. Innheimt er 9.600 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

9. gr.

Öryggis- og lokaúttektir.

Innheimt er fyrir alla vinnu sem fellur til vegna öryggis- og lokaúttektar, að lágmarki 19.200 kr. Fyrir stærri úttektir skulu að auki innheimtar 9.600 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvo tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir.

10. gr.

Útköll vegna brunaviðvörðunarkerfa.

Sé slökkvilið kallað út vegna boða frá sjálfvirku brunaviðvörðunarkerfi án þess að eldur sé laus skal innheimt fyrir kostnaði af eftirliti með því að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir endurtekin falsboð.

Innheimt er fast gjald fyrir eina klukkustund, 9.600 kr., fyrir eftirlitið. Leiði það hins vegar til frekara eftirlits, vegna ítrekaðra falsboðana eða alvarlegra ágalla á brunavörnum, fellur það undir eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar sbr. 6. gr. þessarar gjaldskrár og er þá innheimt samkvæmt því. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

11. gr.

Umsagnir.

Umsagnir slökkviliðsstjóra til einkaaðila eða annarra stjórnvalda eru ekki fyrirskrifaðar í lögum um brunavarnir. Umsagnir til annarra stjórnvalda eru þó eftir atvikum áskildar í lögum um aðra málaflokka og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Innheimt er fast gjald, 9.600 kr. Þegar um útkall er að ræða utan tilskilins daglegs vinnutíma starfsmanns eru innheimtar 38.400 kr., auk 9.600 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

III KAFLI

Önnur verkefni og þjónusta.

12. gr.

BSP sinnir öðrum verkefnum sem eru ekki skilgreind sem verkefni liðsins samkvæmt lögum. Þessi verkefni falla þó að tilgangi Brunavarna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar sem er að vinna að velferð íbúa sveitarfélaganna samkvæmt samstarfssamningi, séu þau ekki falin

öðrum til úrlausnar í lögum né framkvæmd í samkeppni við aðra aðila. Því ber að taka gjald fyrir veitta þjónustu.

Fast tímagjald fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er 17.500 krónur nema annað sé sérstaklega tekið fram. Hér er tekið tillit til samkeppnissjónarmiða, þjálfunar, virkjunartíma og þess að þjónustan er aðgengileg

allan sólarhringinn, allt árið. Þess er gætt að gjaldið endurspegli eftir bestu getu raunkostnað.

13.gr.

Ráðgjafarþjónusta.

Falli ráðgjafarvinna undir ákvæði stjórnáskilnaðarlaga um upplýsinga- og leiðbeiningaskyldu skal sú vinna undanþegin gjaldi. Ef ráðgjafarvinnan er fyrir utan ákvæði d-liðar 1. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum, um leiðbeiningar til fyrirtækja og stofnana eftir atvikum um hvaðeina er varðar brunavarnir og eldsvoða vegna viðkomandi starfssemi, er þjónustan gjaldskyld. Innheimtar eru 17.500 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

14.gr.

Fylgd vegna sprengiefnaflutninga.

Sprengiefnafylgd er ekki áskilin í lögum um brunavarnir heldur getur lögreglustjóri sett fram kröfur um fylgd slökkviliðs við slíkan flutning. Innheimt er að lágmarki 38.400 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 9.600 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma.

15.gr.

Viðbúnaður utan gildissviðs laganna.

Í 2. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum kemur fram að lögin gilda um eldvarnir og slökkvistörf vegna eldsvoða og viðbúnað við mengunaróhöppum á landi nema kveðið sé á um annað í lögum þessum. Lögin gilda enn fremur um björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði. Lögin taka ekki til eldvarna í skipum með haffærisskírteini, loftförum, almennum vinnuvélum, bifreiðum eða öðrum vélknúnum ökutækjum.

Ef óskað er eftir því að slökkviliðið sinni verkefni sem fellur utan gildissviðs laganna skal slökkviliðsstjóri innheimta fyrir tæki og vinnu samkvæmt gjaldskrá ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal að lágmarki 140.000 kr., auk 17.500 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

16.gr.

Upphreinsun.

Upphreinsun sem fellur ekki undir skilgreiningu 3. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 á mengunaróhappi er sinnt af slökkviliði þótt ekki sé mælt fyrir um það í lögum um brunavarnir, meðan ekki eru aðrir þar til hæfir aðilar tiltækir til að sinna verkefninu. Er það mat slökkviliðsstjóra hverju sinni hvenær sinna skal slíku tilviki.

Slökkviliðsstjóri skal innheimta samkvæmt gjaldskrá fyrir vinnu við upphreinsun, efni sem notuð eru til upphreinsunar, meðhöndlun og förgun þeirra, ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal að lágmarki 140.000 kr., auk 17.500 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

17.gr.

Verðmætabjörgun og vatnslekar.

Verðmætabjörgun sem ekki er tilgreind í [brunavarnalögum](#), t.d. vegna vatnsleka, er sinnt af slökkviliði þótt ekki sé mælt fyrir um það í lögum um brunavarnir, meðan ekki eru aðrir þar til hæfir aðilar tiltækir til að sinna verkefninu. Slökkviliðsstjóri skal innheimta gjald fyrir vinnu samkvæmt gjaldskrá ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal að lágmarki 140.000 kr., auk 17.500 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir

	1 barn	2 börn	3 börn
Gjald pr. klst. og niðurgreiðsla pr. klst.	1	1,5	1,75
Heildargjald	366,00	732,00	1.098,00
Fullt gjald foreldra pr. klst.	134,00	201,00	301,50
25 % afsláttargjald foreldra pr. klst.	100,50	150,75	226,13
Niðurgreiðsla án afs. pr. klst.	232,00	348,00	522,00
Niðurgreiðsla m. 25% afs. pr. klst.	265,50	398,25	597,38

Samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 12.12.2013.

Gjaldskráin öðlast gildi við álagningu gjalda á árinu 2014.

VINNUSKÓLI ÞINGEYJARSVEITAR - GJALDSKRÁ 2014

Almennt verð fyrir garðslátt og hirðingu kr. 8.000 pr. skipti. 50% afsláttur fyrir eldri borgarar og öryrkja í Þingeyjarsveit.

Samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 12.12.2013.

HUNDAHÁLD Í ÞINGEYJARSVEIT - GJALDSKRÁ 2014

1. gr.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hefur sett sveitarfélaginu samþykkt um hundahald skv. samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

2. gr.

Árlega innheimtir sveitarsjóður gjald sem ætlað er til að framfylgja samþykktinni fyrir þá hunda sem leyfi er veitt fyrir sbr. gjaldskrá þessa.

3. gr.

Gjaldskráin er sem hér segir:

- Almennt gjald er 7.400 kr. á ári. Hundahreinsunargjald innifalið.
- Handsömunargjald er 3.700 kr. í fyrsta sinn, 8.000 kr. í annað sinn.

Samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 12.12.2013.

FASTEIGNASKATTUR, LÓÐARLEIGA, FRÁVEITA- OG VATNSGJALD Í ÞINGEYJARSVEIT - GJALDSKRÁ 2014

1. gr.

Fasteignaskattar:

0,625% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

b. 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum:

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

c. 1,65% af fasteignamati, ásamt lóðarréttindum:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

DAGFORELDRAR - GJALDSKRÁ 2014

Fullt gjald - foreldrar í sambúð eða giftir

Klst./dag	Heildargjald	Niðurgreiðsla			Kostnaður foreldra		
		1 barn	2 börn	3 börn	1. barn Kost. foreldris	2. börn Kost. foreldris	3. börn Kost. foreldris
4,0	29.280	18.560	42.480	69.080	10.720	16.080	18.760
4,5	32.940	20.880	47.790	77.715	12.060	18.090	21.105
5,0	36.600	23.200	53.100	86.350	13.400	20.100	23.450
5,5	40.260	25.520	58.410	94.985	14.740	22.110	25.795
6,0	43.920	27.840	63.720	103.620	16.080	24.120	28.140
6,5	47.580	30.160	69.030	112.255	17.420	26.130	30.485
7,0	51.240	32.480	74.340	120.890	18.760	28.140	32.830
7,5	54.900	34.800	79.650	129.525	20.100	30.150	35.175
8,0	58.560	37.120	84.960	138.160	21.440	32.160	37.520

Afsláttargjald - einstæðir foreldrar/báðir námsmenn/öryrkjar

Klst./dag	Heildargjald	Niðurgreiðsla			Kostnaður foreldra		
		1 barn	2 börn	3 börn	1. barn Kost. foreldris	2 börn Kost. foreldris	3 börn Kost. foreldris
4,0	29.280	21.240	46.500	40.470	8.040	12.060	18.090
4,5	32.940	23.895	52.313	45.529	9.045	13.568	20.351
5,0	36.600	26.550	58.125	50.588	10.050	15.075	22.613
5,5	40.260	29.205	63.938	55.646	11.055	16.583	24.874
6,0	43.920	31.860	69.750	60.705	12.060	18.090	27.135
6,5	47.580	34.515	75.563	65.764	13.065	19.598	29.396
7,0	51.240	37.170	81.375	70.823	14.070	21.105	31.658
7,5	54.900	39.825	87.188	75.881	15.075	22.613	33.919
8,0	58.560	42.480	93.000	80.940	16.080	24.120	36.180

Afsláttarreglur

25% afsláttur er veittur einstæðum foreldrum og öryrkjum

25% afsláttur er veittur ef báðir foreldrar eru í fullu námi

Systkinaafsláttur

2 börn 50% afsláttur fyrir annað barnið

3 börn 75% afsláttur fyrir þriðja barnið

hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

18.gr.

Tækjaleiga.

Tækjaleiga er ekki fyrirskrifuð í lögum um brunavarnir. Þó er eðlilegt að leigja tæki sem eru þess eðlis að ekki er hægt að leigja þau hjá öðrum aðilum eða ef aðstæður kalla á skjóta notkun sem aðrir aðilar geta ekki boðið.

Verðlagning er ákveðin þannig að hún sé ávallt í það minnsta 35% hærri en leiga á svipuðum eða sambærilegum tækjum sem aðrir geta útvegað til að tryggja samkeppnissjónarmið. Oftast er um að ræða dælu- eða körfubíla, t.d. vegna kvikmyndagerðar eða einhverrar uppákomu sem kallar á slíkan búnað. Verðlagning á tækjum er endurskoðuð árlega.

Tæki BSP skulu aðeins notuð af starfsmönnum slökkviliðsins. Innheimt er að lágmarki 38.400 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 9.600 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma, auk tækjaleigu.

19.gr.

Annað.

Innheimt skal gjald fyrir aðra vinnu sem ekki er tilgreind hér og ekki er mælt fyrir um í lögum. Innheimt skal fyrir alla vinnu og tæki. Getur þetta átt við um þjónustu vegna sérstakra verkefna eins og kvikmyndatöku, móttöku erlendra þjóðhöfðingja eða sendimanna, menningarviðburða o.fl. þess háttar.

IV. KAFLI

Innheimta.

20.gr.

BSP annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari eða innheimtufyrirtæki sem verkefnið er falið samkvæmt samningi þar að lútandi. Um innheimtu gjalda skal fara eftir viðteknum venjum í innheimtu opinberra stofnana. Gjaldldagi gjalda samkvæmt gjaldskránni er útgáfudagur reiknings og eindagi er 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjaldldaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Gjöldum sem til eru komin vegna aðgerða til að knýja fram úrbætur samkvæmt lögum, sbr. 6. gr. t.o.m. 11. gr., fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð, sbr. 3. mgr. 12. gr., 3. og 4. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum.

V. KAFLI

Gildistaka og lagastoð.

21.gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, er samin og samþykkt af aðildarsveitarfélögum BSP, með heimild í 1. mgr. 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 12.12.2013

Fjárhagsáætlun 2014 ásamt þriggja ára áætlun fyrir árin 2015-2017 tekin til seinni umræðu ásamt þeim breytingum sem gerðar hafa verið á milli umræðna. Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014 eru þær að rekstrarafgangur aðalsjóðs er áætlaður upp á 6,5 m.kr. og rekstrarafgangur samstæðu, aðalsjóðs og fyrirtækja er áætlaður upp á 17, 2 m.kr. Áætlað veltufé frá rekstri er 65,3 m.kr. og áætluð upphæð til fjárfestinga er 47 m.kr. Þriggja ára áætlunin, fyrir árin 2015-2017 gerir ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu aðalsjóðs öll árin.

Samþykkt að útsvarsprósentan fyrir árið 2014 verði 14,52% með fyrirvara um að frumvarp um hækkun hámarksútsvars verði að lögum, að öðru leyti verði prósentan

óbreytt eða 14,48%. Þó skal tekið fram að álagningarhlutfall tekjuskatts lækkar um samsvarandi hlutfall þannig að ekki er um heildarhækkun tekjuskatts og útsvars að ræða.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2014 og þriggja ára áætlun, fyrir árin 2015-2017, samhljóða.

4. Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra nr. E-230/2012:

Þann 6. nóvember s.l. féll héraðsdómur í máli Gróu Hreinsdóttur gegn Þingeyjarsveit þar sem stefnandi krefst þess að Þingeyjarsveit verði dæmd til að greiða sér 9.741.704 kr. með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38, 2001 frá 23. október 2010 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar. Þingeyjarsveit krafðist sýknu en til vara að kröfur stefnanda yrðu lækkaðar. Þá krafðist Þingeyjarsveit málskostnaðar.

Niðurstaða Héraðsdóms var eftirfarandi:

„Stefnda, Þingeyjarsveit, greiði stefnanda, Gróu Hreinsdóttur, 992.028 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 6. september 2012 til greiðslu og 1.200.000 krónur í málskostnað.“

Samkomulag liggur fyrir um sameiginlega ábyrgð fyrrverandi rekstraraðila Hafralækjaskóla á málinu.

Sveitarstjórn unír dómnum.

5. Afréttargirðing sunnan Flateyjardalsheiðar – erindi:

Lagt fram að nýju erindi frá Ingvari H. Kristjánssyni, Elínu Eydal og Arnóri Erlingssyni, dags. 30. nóvember s.l. þar sem óskað er eftir þátttöku sveitarfélagsins vegna viðhalds afréttargirðingar sunnan Flateyjardalsheiðar.

Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram í samvinnu við fjallskilastjóra á Flateyjardal.

6. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 11.12.2013:

Lögð fram fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar frá 11. desember s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í þrem liðum.

2. liður fundargerðar; Tjarnahverfi eystra og vestra á Gönguskarði, stofnun fasteignar (þjóðlendu).

Sveitarstjórn samþykkir stofnun þjóðlendunnar skv. fyrirbyggjandi gögnum og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast stofnun hennar í fasteignaskrá Þjóðskrár.

3. liður fundargerðar; Vaðlaheiðargöng, tillaga að deiliskipulagi vinnubúasvæðis í Fnjóskadal.

Sveitarstjórn samþykkir að fallið verði frá kynningu eins og heimild er fyrir í 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í

aðalskipulagi og einnig þar sem um er að ræða tímabundna framkvæmd sem ekki felur í sér skerðingu á framtíðarnotkun svæðisins. Samþykkt að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa deiliskipulagstillöguna eins og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

7. Svæðisráð Vatnajökulspjóðgarðs, vestursvæði – tilnefning fulltrúa:

Lagt fram að nýju bréf frá Sigurði Skúlasyni, dags. 18. nóvember s.l. þar sem hann óskar eftir að hætta sem fulltrúi Þingeyjarsveitar í svæðisráði Vatnajökulspjóðgarðs, vestursvæði.

Dæmi: Barn er í vistun samtals 20 klst. á viku. Gjaldið verður því $20 \times 598 = 12.480$ -

Dæmi: Barn er í vistun samtals 36 klst. á viku. Gjaldið verður því $36 \times 598 = 22.464$ -

Dæmi: Barn er í vistun samtals 40 klst. á viku. Gjaldið verður því $40 \times 598 = 24.960$ -

Við útreikning á gjöldum er ávallt reiknað með 4 vikum í mánuði.

Afsláttarreglur:

25 % afsláttur er veittur einstæðum foreldrum og öryrkjum.

25% afsláttur er veittur ef báðir foreldrar eru í fullu námi.

Systkinaafsláttur er eftirfarandi:

2. barn 50%

3. barn 75%

4. barn 75%

Afsláttur er veittur af því gjaldi sem lægra er ef um mislanga vistun er að ræða. systkina

Ekki er veittur afsláttur á afslátt ofan.

Ef ekki er greitt innan 3 mánaða þá þarf að semja um greiðslu til að halda vistun.

Samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 12.12.2013.

Gjaldskráin öðlast gildi við álagningu gjalda á árinu 2014.

TÓNLISTARNÁM Í ÞINGEYJARSVEIT - GJALDSKRÁ

2014

Hálft nám – 30 mín*	18.839,-
45 mín.	22.902,-
Fullt nám - 60 mín.	28.320,-

Afslættir:**

Fyrir annað barn 25%

Fyrir þriðja barn 50%

Fyrir fjórða barn 75%

*Fyrir 2 x hálft nám verður þó aldrei greitt meira en sem nemur heilu námi, þ.e. 28.320,-

** Varðandi afslátt skal tekið fram að einungis verður um systkinaafslátt að ræða, ekki fjölskylduafslátt. Systkinaafsláttur gildir til 18 ára aldurs.

Fyrir 20 ára og eldri og fólk utan Þingeyjarsveitar reiknast 25% álag á gjaldskrána.

Ef fyrri önn hefur ekki verið greidd fær nemandi ekki inngöngu á næstu önn, nema samið sé um það sérstaklega.

Samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 12.12.2013.

Gjaldskráin öðlast gildi við álagningu gjalda á árinu 2014.

og hjón/sambúðarfólk sem hafa meira en kr. 4.938.000- í árstekjur

Gjaldskráin uppfærast í janúar ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs, grunnvísitala 363,4.

Tekjumörk miðast við hámark tekna frá Tryggingastofnun ríkisins, þ.e. lífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót og uppfærast í samræmi við breytingar á þeim bótum ár hvert.

Samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 12.12. 2013.

Gjaldskráin gildir frá 1. janúar 2014.

FÉLAGSHEIMILI ÞINGEYJARSVEITAR - GJALDSKRÁ 2014

Gildir fyrir Breiðumýri, Ljósveitningabúð, Ýdali* og Stórutjarnaskóla eftir því sem aðstaða er til staðar.

Fundir

Lítill kr. 11.550 Molakaffi m/v 4 klst.

Stór kr. 23.100 Molakaffi m/v 4 klst.

Samkomur

Skólasamkomur, fermingar, erfidrykkjur kr. 28.875

Aðgangur að eldhúsi og áhöldum

Afmæli og veislur kr. 40.425

Aðgangur að eldhúsi og áhöldum

Menningarviðburðir

10% af veltu, lágmark kr. 21.000

Staðfestingargjald kr. 21.000

Æfingartímar

Stakur tími kr. 2.520. Afsláttur ef samið til lengri tíma

Þorablót, árshátíðir, dansleikir o.s.frv.

Kr. 46.200 /<100, uppröðun og frágangur +400 pr. mann >100

Staðfestingargjald kr. 34.650

Ættarmót

Helgarleiga kr. 2.415/1.260 pr.mann/barn.

Tjaldstæði, eldhús, búnaður, aðgangur að sturtum og salernisaðstöðu.

Rafmagn kr. 600

Staðfestingargjald kr. 34.650

Aukalega greitt f/svefnokapláss

Svefnokapláss dýna kr. 1.838 pr.nótt

Svefnokapláss rúm kr. 3.570 pr.nótt.

* Gjaldskrá á aðeins við um ættarmót, ekki fundi og samkomur.

Ofan á allar upphæðir vegna gistingar bætast við 100 (auk virðisaukaskatts) krónur vegna gistináttaskatts.

Samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 12.12.2013.

Gjaldskráin gildir frá 1. jan. 2014.

LEIKSKÓLAR Í ÞINGEYJARSVEIT - GJALDSKRÁ 2014

Verð pr. mánaðar klst. kr. 624

Aukagjald skal innheimt í hvert skipti sem barn er sótt of seint, 500 kr. reiknast á hverjar byrjaðar 15 mínútur.

Samþykkt að tilnefna Ásvald Ævar Þormóðsson sem fulltrúa Þingeyjarsveitar í svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs, vestursvæði.

8. Beiðni um umsögn um umsókn um nýtingarleyfi á Þeistareykjum í Þingeyjarsveit:

Fyrir fundinum liggur bréf frá Orkustofnun dags. 10. desember s.l. þar sem óskað er eftir umsögn Þingeyjarsveitar um umsókn Landsvirkjunar, dags. 5. desember s.l. þar sem er sótt um leyfi til nýtingar á jarðhita á Þeistareykjum í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsóknina.

Til kynningar:

- Fundargerðir Héraðsnefndar Þingeyinga 22.04.2013 og 04.12.2013 ásamt rekstraráætlun 2014:
- Fundargerð Menningarmiðstöðvar Þingeyinga 17.10.2013 ásamt rekstrar- og starfsáætlun 2014:

Ólína Arnkelsdóttir
Margrét Bjarnadóttir
Friðrika Sigurgeirsdóttir
Árni Pétur Hilmarsson

Fleira ekki gert og fundi slitið 17:45
Arnór Benónýsson
Ásvaldur Ævar Þormóðsson
Ásta Svavarsdóttir

Sundlaugin á Laugum – ný gjaldskrá



Nú um áramótin breyttist gjaldskrá sundlaugarinnar á Laugum. Tekið var upp gjald kr. 200 fyrir börn, öryrkja og aldraða sem áður var gjaldfrjálst, gjaldskráin er eftirfarandi:

Gjaldskrá

Börn 6-16 ára	200
Öryrkjar og aldraðir	200
Fullorðnir	500
Fullorðnir 10 miðar	3.000
Kort:	
3 mán.	7.800
6 mán.	15.500
12 mán.	28.000

Leiga:

Leiga á sundfötum	500
Leiga á handklæði	500

Tilboð:

Sund, sundföt og handklæði	1.000
----------------------------	-------

Ath. Börn 6-18 ára og öryrkjar og aldraðir, sem eiga lögheimili í Þingeyjarsveit, geta sótt um sundkort.

Sækja má um sundkort í afgreiðslu sundlaugarinnar. Nánari upplýsingar veita sundlaugastarfsmenn.



Auglýsing um Opið hús vetur og vor 2014

Kæru íbúar Þingeyjarsveitar 60 ára og eldri.

Opið hús verður sem hér segir til vors:

Hafralækjarskóli 14.jan. 4.feb. 25.feb. 18.mar. 8.apr.

Breiðamýri 21.jan. 11.feb. 4.mar. 25.mar.
29.apr.

Stórutjarnaskóli 28.jan. 18.feb. 11.mar. 1.apr. 6.maí

5 sinnum á hverjum stað til vors.

Alltaf á þriðjudögum.

Hádegismatur er í boði kl. 13:00 og kostar 600 kr.

Þeir sem ætla að borða þurfa að láta vita daginn áður í síma:

Hafralækjarskóli sími 464-3583

Litlulaugaskóli sími 464-3166

Stórutjarnaskóli sími 464-3222

Dagskrá hefst kl. 14: 00.

Það verður ýmislegt til skemmtunar s.s. söngur,

hljóðfæraleikur, myndasýningar og upplestur.

Eins og áður verður spilið félagsvist í Stórutjarnaskóla.

Ef einhverjir vilja koma með og flytja efni til skemmtunar

og fróðleiks er það að sjálfsögðu vel þegið.

Verið öll velkomin.

Umsjónarfólk.

Anna sími 462 6347 og 861-6347

Halla sími 464 3562 og 867-6747

Svana sími 462-6914 og 862-1638

Anna Geirlaug sími 464-3154 og 861-3154

ónýttri fjárfestingarheimild að upphæð 15 m.kr. úr eignarsjóði. Þar með flyst 25 m.kr. áður samþykkt lánsheimild úr eignarsjóði í aðalsjóð.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða viðauka við fjárhagsáætlun 2013, samtals að fjárhæð 32,3 m.kr. og að þeirri upphæð verði mætt með handbæru fé og áður samþykktri lántöku.

3. Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar fyrir árið 2014 og árin 2015-2017– seinni umræða:

Lögð fram fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar fyrir árið 2014 og fyrir árin 2015-2017 ásamt gjaldskrá 2014. Fjármálastjóri sat fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi tillögur að gjaldskrá fyrir árið 2014 teknar til afgreiðslu:

SUNDLAUGIN Á LAUGUM - GJALDSKRÁ 2014

Börn 6-16 ára	200
Öryrkjar og aldraðir	200
Fullorðnir	500
Fullorðnir 10 miðar	3.000
Kort:	
Fullorðnir 3 mán.	7.800
Fullorðnir 6 mán.	15.500
Fullorðnir 12 mán.	28.000
Leiga:	
Leiga á sundfötum	500
Leiga á handklæði	500
Tilboð:	
Sund, sundföt og handklæði	1.000

Samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 12.12.2013.

Gjaldskráin gildir frá 1. janúar 2014.

HEIMABJÓNUSTA ÞINGEYJARSVEITAR - GJALDSKRÁ 2014

Fyrir þjónustu veitta skv. reglugerð um heimilisþjónustu, skal sá er þjónustu nýtur greiða gjald samkvæmt eftirfarandi gjaldflokkum:

1. taxi - kr. 0,00 fyrir hverja unna klukkustund.

Gildir fyrir þá einstaklinga sem hafa minna en kr. 1.788.000- í árstekjur og hjón/sambúðarfólk sem hafa minna en kr. 2.922.000- í árstekjur

2. taxi - kr. 389,00 fyrir hverja unna klukkustund.

Gildir fyrir þá einstaklinga sem hafa kr. 1.788.001- 2.324.000- í árstekjur og hjón/sambúðarfólk sem hafa kr. 2.922.001-3.798.000- í árstekjur

3. taxi - kr. 707,00 fyrir hverja unna klukkustund.

Gildir fyrir þá einstaklinga sem hafa kr. 2.324.001- 3.021.000- í árstekjur og hjón/sambúðarfólk sem hafa kr. 3.798.001- 4.938.000- í árstekjur

4. taxi - kr. 1.038,00 fyrir hverja unna klukkustund.

Gildir fyrir þá einstaklinga sem hafa meira en kr. 3.021.000- í árstekjur

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
137. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 12. desember 2013 kl. 14:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2013:
3. Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar fyrir árið 2014 og árin 2015-2017– seinni umræða:
4. Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra nr. E-230/2012:
5. Afréttargirðing sunnan Flateyjarðalsheiðar – erindi:

Til kynningar:

- a. Fundargerðir Héraðsnefndar Þingeyinga 22.04.2013 og 04.12.2013 ásamt rekstraráætlun 2014:
- b. Fundargerð Menningarmiðstöðvar Þingeyinga 17.10.2013 ásamt rekstrar- og starfsáætlun 2014:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Ásta Svavarsdóttir og Árni Pétur Hilmarsson auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1.Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 6. lið; fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 11.12.2013, undir 7. lið; svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs, vestursvæði – tilnefning fulltrúa og undir 8. lið; beiðni um umsögn um nýtingarleyfi á jarðhita á Þeistareykjum í Þingeyjarsveit.
Samþykkt samhljóða.

2. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2013:

Fjármálastjóri mætti til fundarins undir þessum lið og lagði fram eftirfarandi tillögur að viðaukum við fjárhagsáætlun 2013:

- a. 00- Skatttekjur, lækkun tekna kr. 920.000,-
- b. 02- Félagssþjónusta, hækkun fjárveitingar kr. 879.000,-
- c. 04- Fræðslumál, hækkun fjárveitingar kr. 14.060.000,-
- d. 06- Æskulýðs- og íþróttamál, hækkun fjárveitingar kr. 1.000.000,-
- e. 07- Brunamál og almannavarnir, lækkun tekna kr. 3.500.000,-
- f. 08- Hreinlætismál, hækkun fjárveitingar kr. 3.000.000,-
- g. 09- Skipulags- og byggingamál, lækkun tekna kr.1.500.000,-
- h. 10- Umferðar- og samgöngumál, hækkun fjárveitingar kr. 2.500.000,-
- i. 13- Atvinnumál, hækkun tekna kr. 3.000.000,-
- j. 21- Sameiginlegur kostnaður, hækkun fjárveitingar kr. 6.490.000,-
- k. Aðrir sjóðir í A-hluta, eignasjóður, hækkun fjárveitingar kr. 1.410.000,-

Ofangreindum viðaukum við fjárhagsáætlun 2013, hækkun útgjalda og tekjulækkun, samtals 32,3 m.kr. verður mætt með handbæru fé að upphæð 17,3 m.kr. og

Gedórd vikunnar.

Hlíðu að því sem þér þykir vænt um.

Öll höfum við þörf fyrir ást og umhyggju annarra. Það er okkur eðlilegt að sinna okkar nánustu, börnunum okkar, systkinum og vinahópnum. Lífið væri ósköp snautt ef við værum ekki í samspili og tengslum við aðra. Saman erum við sterkari, það er skemmtilegra að vera til þegar við gefum af sjálfum okkur og njótum lífsins með öðrum. Við erum einfaldlega heilli þegar við erum í góðum tengslum við aðra.

Samráðshópur um áfallahjálp í Þingeyjarsýslu.



Þorrablót Fnjóskdæla

Þorrablót Fnjóskdæla verður haldið í Stórutjarnaskóla, laugardagskvöldið 1. febrúar næstkomandi.

Nánar auglýst þegar nær dregur.

nefndin

DALAKOFINN

EM- í handbolta hefst um helgina og munum við sýna alla leiki Íslands. Einnig er enski boltinn á fullu og verða leikir sýndir þegar opið er. Grillið verður opið meðan leikir eru í gangi.

Næstu leikir á breiðtjaldinu eru:

11. jan	kl: 12:45	Hull – Chelsea	Enski boltinn
11.jan	kl: 15:00	Everton – Norwich	Enski boltinn
11.jan	kl: 17.30	Man. Utd. - Swansea	Enski boltinn
12.jan	kl: 14:00	Newcastle – Man.City	Enski boltinn
12.jan	kl: 15:00	ÍSLAND – Noregur	EM
12.jan	kl: 16:00	Stoke - Liverpool	Enski boltinn
14.jan	kl: 17:00	ÍSLAND – Ungverjaland	EM

Á heimasíðu okkar dalakofinn.is eru upplýsingar um opnunartíma, matseðilinn, vörur verslunarinnar og myndir frá viðburðum og framkvæmdum.

Verið velkomin,
Dalakofinn / Útibú ehf.
s. 464-3344 dalakofinn.is

Þorrablót í Bárðardal 2014



Laugardagskvöldið 25. janúar verður þorrablót UMF Einingarinnar haldið í Kiðagili. Miðaverð verður 2.300 kr. Hljómsveit Bigga Ara leikur fyrir dansi að borðhaldi loknu. Nánar auglýst síðar

nefndin

I.tbl.
9. janúar
2014
21. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s:4643366/gsm:8953386



ÞRETTÁNDAGLEÐI

U.m.f. Gaman og Alvara stendur fyrir þrettándagleði föstudagskvöldið 10. janúar kl. 20.30 í

Ljósveitningabúð,

(með fyrirvara um veður og færð)

og hefst á **flugeldasýningu**

Björgunarsveitarinnar Þingeyjar.



Eins og venjulega kemur hver með brauð/köku og leggur á sameiginlegt hlaðborð.

Í boði verður kaffi, te og djús.

Spilað verður Bingó, spjaldið kostar 500 kr.

Veitt er viðurkenning fyrir snyrtilegasta lögbylið.

Krakkar munið smákökusamkeppnina :)

Allir íbúar Þingeyjarsveitar velkomnir.

Umf. Gaman og Alvara



Dansáhugafólk sem og félagar í Harmonikufélagi Þingeyinga athugið.

Það verður dansæfing í Ljósveitningabúð

Föstudaginn 17.janúar frá kl.20.30-22.30.

Allt dansáhugafólk velkomið. Kostar aðeins kr.500.

Mínum á bögglauppboðið á Breiðumýri 11. janúar nk.

Harmonikufélag Þingeyinga.